

Svör við nokkrum algengum spurningum:

1. Hvenær var ákveðið að greiða af öllum launum til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði?

Svar:

Í kjarasamningi milli ASÍ og VSÍ 26. febrúar 1986 var ákveðið að greiða af öllum launum til lífeyrissjóða, þó þannig að slíkt skyldi framkvæmt í áföngum. Fyrsta skrefið var tekið **1. janúar 1987** og það síðasta **1. janúar 1990**, en frá þeim tíma hefur verið tekið iðgjald af öllum launum.

Að öðru leyti voru áfangarnir þessir:

Greiðslur af yfirvinnu og öðrum tekjum umfram dagvinnutekjur:

Ár	Hluti launþega	Hluti launagreiðenda	Samtals
1987	1.0%	1.5%	2.5%
1988	2.0%	3.0%	5.0%
1989	3.0%	4.5%	7.5%
1990	4.0	6.0%	10.0%

Frá 1. janúar 1990 hafa síðan launamenn greitt 4% af öllum launum og atvinnurekendur með sama hættu 6.0%. Hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna hefur verið tekið iðgjald af heildarlaunum frá upphafi, þó með ákveðnum hámarksþöglum, sem endanlega voru afnumin 1. júní 1988. Sérreglur hafa líka getað gilt hjá einstökum öðrum sjóðum á almennum vinnumarkaði og á það bæði við um lágmarksiðgjald og af hvaða launastofni iðgjöld hafa verið tekin. Með gildistöku laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er lágmarksiðgjald nú til lífeyrissjóða 10% af heildarfjárhæð greiddra launa, sbr. 3. gr. laganna.

2. Hvenær var iðgjaldahluti launþega frádráttarbær frá skatti?

Svar:

Ákveðið var að iðgjaldahluti launþega yrði frádráttarbær frá skatti og að slíkt yrði tekið upp í áföngum frá og með **1. apríl 1995**, eins og sjá má í lögum nr. 30/1995, um breytingu á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 6. gr. Athugið að fyrir gildistöku staðgreiðslu skatta var iðgjaldahluti launþega frádráttarbær frá skatti.

Áfangarnir voru þessir:

Launatímabil	Frádráttur af heildarlaunum	Hlutfall af iðgjöldum	Kom til framkvæmda
1/4 1995 – 31/12 1995	2%	50%	Við álagningu 1996
1/1 1996 – 30/6 1996	3%	75%	Við álagningu 1997
1/7 1996 – 31/12 1996	4%	100%	Við álagningu 1997

3. Hvenær tók viðbótarlífeyrissparnaðurinn gildi?

Svar:

Frá og með **1. janúar 1999** gátu sjóðfélagar (hér eftir nefndir rétthafar) dregið frá heildarlaunum sínum allt að 2% í lífeyrissparnað og ríkið í formi lækkunar tryggingargjalds lagði þá til 10% af framlagi rétthafans eða að hámarki 0,2% af launum.

Heildarsparnaður gat því numið **2,2%** (2% + 0,2%)

Með almennum kjarasamningum í maí 2000 var samið um það að mótframlag launagreiðandans skyldi vera 1% af launum og frá sama tíma eða **1. júní 2000** var rétthöfum heimilt að hækka framlag sitt úr 2% í 4%. Með sama hætti hækkaði þá framlag ríkisins í 0,4%.

Heildarsparnaður gat því numið **5,4%** (4% + 0,4% + 1%)

Í ársbyrjun 2002 var síðan framlag launagreiðandans með kjarasamningum hækkað úr **1% í 2%**. Heildarsparnaður frá **1. janúar 2002** var því **6,4%** (4% + 0,4% + 2%).

Frá og með **1. janúar 2004** féll niður framlag ríkisins (allt að 0,4%) í formi lækkunar tryggingagjalds.

Frá **1. janúar 2004** hefur því heildarsparnaðurinn numið **6%** af launum (4% + 2%).

Allir þeir réttihafar, sem ekki hafa lagt fram neitt framlag í viðbótarlífeyrissparnað, fá samt sem áður **1% framlag frá vinnuveitanda frá 1. júlí 2002 til 31. desember 2004**, samkvæmt viðbótarákvæði og bókun í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði.

Samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, sem gerðir voru í mars 2004, hækkar hækkar framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð úr 6% í 7% frá og með 1. janúar 2005 og frá 1. janúar 2007 úr 7% í 8%.